

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, hafnarsvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. júlí 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér stækkun til vesturs þannig að uppfyllingarsvæðið lengist úr 400 metrum í 800 metra. Landfyllingin verður alls u.þ.b. 22-24 ha lands.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisstofnun, 14. júlí 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

2. júlí 1999

Nr. 481

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag hafnarsvæðis utan Suðurgarðs, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 deiliskipulag hafnarsvæðis utan Suðurgarðs dagsett 25. febrúar 1999.

Á nýrri fyllingu er gert ráð fyrir hafsækinni starfsemi og er svæðinu skipt í flotkvíar-svæði, bakkasvæði, smiðjusvæði og þjónustu/geymslusvæði. Deiliskipulagið nær yfir smiðjusvæðið en að öðru leyti er skipulagi á svæðinu frestað. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 2. júlí 1999.*

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

**Magnús Gunnarsson.**

2. júlí 1999

Nr. 482

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjarðar – miðbær.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar sem staðfest var 19. september 1983. Breytingin felst í því að grunnflötur byggingar á Fjarðargötu 19 stækkar úr 420 m<sup>2</sup> í 600 m<sup>2</sup> og húsinu er breytt úr tveimur hæðum og risi í þrjár hæðir. Auk þess er felld niður áform um að opna Hamarkotslæk frá tjörninni við Strandgötu niður að sjó.